Kópavogsbær
https://skipulagsgatt.is/issues/428

Kópavogur, 18. september 2023
Tilvísun: K-18622

Efni: Vesturvör 38A og 38B

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að deiliskipulagsmörk færast að lóðarmörkum Vesturvarar 38A til austurs og norðurs. Á lóðamörkum á austurhluta svæðisins er skilgreint varúðarsvæði fyrir háspennustreng í jörðu. Aðkoma að svæðinu og innan þess breytist vegna fyrirhugaðrar Borgarlínu og brú yfir Fossvog. Samhliða er kynnt tillaga að breyttu deiliskipulagi Brú yfir Fossvog.

Umsögn heilbrigðiseftirlitsins (HEF) um tillöguna.

> *Á nálægu uppfyllingasvæði hefur orðið vart við staðbundna jarðvegsmengun. Í ljósi þess þá fer HEF fram á að könnun verði gerð á jarðvegsmengun á umræddum lóðum áður en framkvæmdir hefjast. HEF vill leggja áherslu á að við uppgröft á svæðinu skal fjarlægja malbik og annað sýnilegt rusl og sorp sem kemur upp og farga því á viðeigandi hátt og gera grein fyrir því gagnvart heilbrigðiseftirliti. Gera þarf heilbrigðiseftirliti viðvart ef komið er niður á slíkt efni við uppgröftinn.*

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Árni Davíðsson
Deildarstjóri hollustueftirlits

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026